

7.6.2011  
Féa lögsöðisráðuneyti

Alþingi  
Erindi nr. P 139/2884  
komudagur 7.6.2011

532. mál

## Minnisblað

um þær reglur sem gilda um notkun fánans í vörumerkjum, á umbúðir og í auglýsingum á vöru og þjónustu í Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

### **Danmörk**

Í Danmörku eru ekki sérstök fánalög í gildi. Ákvæði um fánann er að finna á við og dreif í ýmsum lögum.

Heimilt er að nota fánann við markaðssetningu á vörum og þjónustu án leyfis. Þó er gerður sá greinarmunur á tjúgufána og almennum fána að þann síðarnefnda mega yfirvöld aðeins nota við markaðssetningu og þá með leyfi dómsmálaráðuneytisins.

Vörumerki með fánanum fæst skráð sé viðkomandi umsækjandi danskur og sé um að ræða vörur af dönskum uppruna. Þessi heimild er upprunnin í eldri lögum um markaðssetningu og er enn beitt fyrir venju þótt ákvæðið sé ekki lengur að finna í lögnum (markedsføringsloven nr. 1389/2005).

Vörumerki með táknum og skjaldarmerkjum, sem notuð eru af yfirvöldum, fást ekki skráð nema viðkomandi yfirvald veiti heimild, skv. 3. mgr. 14. gr. vörumerkjalaga (varemærkeloven nr. 782/2000). Undir þetta ákvæði falla líklega vörumerki með tjúgufána.

Þá fæst vörumerki ekki skráð ef það er til þess fallið að villa um fyrir mönnum, t.d. um tegund vöru, eiginleika eða uppruna skv. 2. mgr. 14. gr. laganna.

Nær samhljóða ákvæði eru í íslenskum lögum um vörumerki nr. 45/1997.

### **Noregur**

Ekki er fjallað um fánann og markaðssetningu í fánalögnum sjálfum.

Ekkert er því til fyrirstöðu að norski fáninn sé notaður við markaðssetningu á leyfis, s.s. á vöruumbúðir eða í auglýsingum, sé um norska vöru að ræða. Annars gæti verið um brot á markaðslögum að ræða og jafnvel fjárfvik.

Í vörumerkjalögum (Lov om varekjenntegn - NOU 2001:8), 3. mgr. 14. gr., kemur fram að ekki megi skrá vörumerki með ríkisfána án leyfis utanríkisráðuneytisins. Slíkt leyfi er næstum aldrei veitt, skv. upplýsingum þaðan.

### **Svíþjóð**

Sænska fánann má nota í markaðssetningu með svipuðum hætti og í Noregi og Danmörku.

Í lögum um vernd skjaldarmerkja og vissra annarra opinberra merkja nr. 498/1970, kemur fram að ekki megi nota vörumerki með ríkisfána án tilskilins leyfis.